

GJALDSKRÁ

kaldavatsnveitu Grímsnes- og Grafningshrepps.

1. gr.

- a. Vatnsskattur íbúðarhúsa verði 0,23% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins. Hámarksálagning verði kr. 43.000 en lágmarksálagning verði kr. 23.000.
- b. Vatnsskattur fyrirtækja verði 0,23% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitu sveitarfélagsins. Hámarksálagning verði kr. 155.000. Fyrirtæki sem safna vatni í eigin miðlun fá 30% afslátt af vatnsskatti.
- c. Vatnsskattur frístundahúsa verði 0,23% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins. Hámarksálagning verði kr. 43.000 en lágmarksálagning verði kr. 23.000.
- d. Tengigjöld vatnsveitu (stofngjöld) fyrir íbúðarhús eru kr. 388.390. Húseigandi sér um lagnir að lóðarmörkum og tengingu heimæðar í húsi. Miðað er við að heimtaug í íbúðarhús sé 32 mm. Starfsmenn veitunnar tengja svo lagnir þegar skrifleg staðfesting frá húseiganda liggur fyrir um að tengja megi heimæð við veitukerfi.
- e. Tengigjöld fyrir frístundahús eru kr. 388.390. Miðað er við að heimtaug í frístundahús sé 20 mm. Velji menn 25 mm heimtaug tvöfaldast tengigjaldið og semja verður sérstaklega um sverari heimtaugar. Húseigandi sér um lagnir að lóðarmörkum og tengingu heimæðar í húsi. Starfsmenn veitunnar tengja svo lagnir þegar skrifleg staðfesting frá húseiganda liggur fyrir um að tengja megi heimæð við veitukerfi.
- f. Tengigjöld fyrir lögbýli að meðtöldu einu íbúðarhúsi verða að lágmarki kr. 585.538 en miðað er við allt að 200 m heimæð. Reikna þarf umframkostnað í hverju tilviki fyrir sig en landeigandi greiðir þann viðbótarkostnað sem hlýst af tengingu veitu að býli. Miðað er við að heimtaug sé 32 mm og semja verður sérstaklega um sverari heimtaugar.
- g. Á þeim lóðum sem ekki hefur verið byggt á en hafa tengst vatni er innheimt fast árgjald kr. 23.000.
- h. Fyrir nýskipulagða frístundabyggð sem tengjast skal vatnsveitu sveitarfélagsins skal landeigandi greiða kr. 43.000 fyrir hverja lóð á skipulagi fyrir lagningu stofnlagnar.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps skv. 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, þann 20. nóvember 2013, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um breytingu á gjaldskrá kaldavatsnveitu Grímsnes- og Grafningshrepps nr. 1148/2012.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 11. desember 2013.

Ingibjörg Harðardóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 27. desember 2013